

Heiti áfanga: ENSK3DS05

Titill: Science Fiction/Vísindaskáldskapur

Staða áfanga: Áfanginn er valáfangi á þriðja þrepi

Undanfarar: ENSK3CC/CH05

Stutt lýsing á áfanganum: Í þessum áfanga fá nemendur tækifæri til þess að dýpka þekkingu sína á helstu hugmyndum og straumum og stefnum innan vísindaskáldskapar. Nemendur lesa lykilverk, aðallega frá seinni hluta 20. aldarinnar. Einnig er rýnt í þróun vísindaskáldskapar og hvernig þessi tegund bókmennta hefur verið aðlöguð yfir í margskonar miðla í gegnum árin, s.s. útvarp, sjónvarp og kvikmyndir. Nemendur eru hvattir til að stunda gagnrýna hugsun í gegnum lestur, umræður og skrif.

Nokkur lykilhugtök áfangans: vísindaskáldskapur, bókmenntahugtök, aðlögun, rökstuddar skoðanir, munnleg tjáning, ritun

Námsmat: smærri próf og verkefni, kynning, og dagbókarskrif